Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Umsögn um lýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags Kópavogs 2019 – 2040. Kársnes þróunarsvæði

Vegagerðin hefur rýnt tillögu að lýsingu fyrir rammahluta aðalskipulags Kópavogs fyrir Kársnes þróunarsvæði með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar sem umsagnaraðila um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum.

Vegagerðin hefur farið yfir gögn fyrir vestanvert Kársnes sem liggja til grundvallar viðmiðunarreglna um lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur landsins.

Í kafla 2.3. í skipulagslýsingunni er vísað til gagna frá siglingasviði Vegagerðarinnar frá árinu 2016 varðandi flóðahæð við landfyllingar í Fossvogi.

Síðan minnisblaðið var unnið liggja fyrir ný og uppfærð gögn og hefur Vegagerðin því unnið nýjar viðmiðunarreglur fyrir byggð á Kársnesi (sjá töflu).

Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir taka mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar. Enn fremur er tekið tillit til skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi[1] og landhæðabreytinga mældum með Sentinel gervitunglum. Á það skal bent að fyllingar á svæðinu síga miðað við þau svæði sem standa á föstum grunni og að ekki er tekið tillit til þess við þessa ákvörðun.

Þörf er á því að uppfæra umfjöllun í kafla 2.3. með hliðsjón að nýjum gögnum og núverandi þekkingu.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

[1] Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á Íslandi. 2023.

Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur vegna jarðskorpuhreyfinga og sjávarstöðu hækkana næstu 100 árin			Vegagerðin 2024-05-17
Kópavogur, Kársnes - 100 ára líftími mannvirkja	**Hafnarkerfi Kópavog HK (m)**	**Bæjarkerfi Kópavogs BK (m)**	**Landshæða-kerfi ISH2004 (m)**
Hæðarpunktur			
Hæðarmismunur við Hafnarkerfi Kópavogs	0,00	-1,82	-2,27
Flóðhæð með 100 ára endurkomutíma	5,20	3,38	2,93
Viðsm. SSP5-8.5, 83% óvissumörk-vísindanefnd 2023	0,48	0,48	0,48
Breytingar á landhæð umfram vísindanefnd	0,20	0,20	0,20
Lágmarks landhæð á lágsvæðum við strönd	5,88	4,06	3,61
Gólfhæð yfir lágmarks landhæð	0,30	0,30	0,30
Lágmarks gólfhæð á lágsvæðum við strönd	6,18	4,36	3,91

Tafla 1

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Vegagerðin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026